



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

3. fundur 2010 (12. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 19.03.2010 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Sandgerðisbæjar

Lagt var fram erindi VSÓ Ráðgjafar og Kanon arkitekta f.h. Sandgerðisbæjar, dags. 02.03.2010, þar sem kynnt er tillaga að aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 2008 – 2024. Skipulagstillagan verður auglýst á næstu mánuðum.

Helstu atriði skipulagstillögunnar sem snerta Keflavíkurflugvöll eru eftirfarandi:

- Færsla fyrirhugaðrar SV/NA flugbrautar til suðvesturs
- Lenging og færsla núverandi SV/NA flugbrautar til suðvesturs og byggð við enda brautarinnar
- Staðsetning háspennulínu vestan við flugvallarsvæðið

Skipulagstillagan verður til umfjöllunar hjá skipulagsráði og stjórn Flug – KEF ohf á næstu dögum og mun skipulagsnefndinni berast umsögn stjórnarinnar fyrir næsta fund.

2. Svæðisskipulag Suðurnesja

Lagt var fram leiðarljós og áherslur Svæðisskipulags Suðurnesja, dags. 05.03.2010, sem verið hefur til umfjöllunar í samvinnunefndinni um svæðisskipulagið. Vegna erindis Varnarmálastofnunar þar að lútandi verða hæðir á byggingum teknar fyrir á næsta fundi samvinnunefndarinnar.

3. Erindi Varnarmálastofnunar um aðild að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

Lagt var fram svar samgönguráðuneytisins, dags. 12.03.2010, við erindi um aðild Varnarmálastofnunar að skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við að fulltrúi Varnarmálastofnunar sitji fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti. Í ljósi óvissu um framtíð Varnarmálastofnunar telur ráðuneytið ekki tímabært að breyta lögum í þá veru að fulltrúi Varnarmálastofnunar fái varanlega setu í skipulagsnefndinni. Varnarmálastofnun verður kynnt niðurstaða málsins.



- 4. Breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar, breyting á skipulagsmörkum gagnvart Reykjanesbæ – staða mála**
Skipulags- og byggingarfulltrúi Keflavíkurflugvallar kynnti stöðu mála varðandi breytingu aðalskipulagsins, en skipulagstillagan er í auglýsingaferli um þessar mundir. Frestur er til 12. apríl til að skila inn athugasemdum við tillöguna.
- 5. Verklagsreglur um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar – staða mála**
Tillagan að verklagsreglunum er enn í vinnslu hjá stjórn Flug – KEF ohf.
- 6. Deiliskipulag lóðanna Kjóavöllur 1 og Fálkavöllur 2**
Frestur til að gera athugasemdir er úrunninn og engar athugasemdir bárust. Málið er í vinnslu hjá stjórn Flug – KEF ohf og kemur til skipulagsnefndarinnar á næsta fundi.
- 7. Frumvörp til skipulagslaga og mannvirkjalaga**
Sigurður Thoroddsen gerði grein fyrir helstu nýmælum í frumvörpunum sem snerta starfsemi Keflavíkurflugvallar. Varðandi skipulagsmál verða engar breytingar gerðar gagnvart Keflavíkurflugvelli. Byggingarstofnun mun veita byggingarleyfi á varnar- og öryggissvæðum.
- 8. Byggingarmál á Keflavíkurflugvelli**
Sigurður Thoroddsen gerði að umtalsefni kröfur til útlits nýbygginga á Keflavíkurflugvelli.
- 9. Næsti fundur skipulagsnefndar**
Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar verður væntanlega í 14. viku 2010.

Fleira ekki gert, fundi slitið.